

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2024, þriðjudaginn 9. apríl kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1153. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin. Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson. Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. **Almannadalur 9 - BN060970** Sótt er um leyfi til að byggja hesthús, fjögur rými í einni lengju á tveimur hæðum, kaffistofa og stoðrymi á efri hæð í húsi nr. 9 á lóð nr. 9-15 við Almannadal.  
Stærð: 547,2 ferm., 1.817,4 rúmm.  
Erindi fylgir greinargerð hönnuða, ódagsett, greinargerð verkfræðings dags. 18. apríl 2022 og greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 9. maí 2022.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 30. júní 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. júní 2022, bréf skipulagsfulltrúa dags. 4. júlí 2022 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. janúar 2024.  
Gjald kr. 12.600.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
2. **Austurstræti 10A - USK23120176** Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að breyta innra skipulagi á 3. hæð í húsi á lóð nr. 10A við Austurstræti.  
Erindi fylgir kvöð um samnýtingu snyrtinga á 3. og 4. hæð og nýjustu samþykktir aðaluppdrættir dags. 14. maí 2019.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
3. **Ármúli 31 - USK23070201** Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, átta hæða fjölbýlishús með bílakjallara fyrir 122 bíla, einangrað og klætt að utan, fimm stigahús með 133 íbúðum og þjónustu/verslun á 1. hæð, á reit D á Orkureitnum á lóð nr. 31 við Ármúla.  
Erindi fylgir brunahönnun frá Öruggeri dags. 26. október 2023.  
Ekkí eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, samræmist deiliskipulagi.  
Mhl. 05: 12.163,5 ferm., 39.829,3 rúmm.  
Mhl. 06: 7.743,5 ferm., 24.515,9 rúmm.  
Mhl. 07: 3.964,7 ferm., 14.855,3 rúmm.  
Mhl. 08, hjólaskýli: 113,2 ferm., 15,9 rúmm.  
Samtals á lóð: 23.984,9 ferm., 79.216,4 rúmm.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
4. **Ármúli 31 - Niðurrif - USK24030185** Sótt er um leyfi til að rífa mhl. 01, atvinnuhús á lóð nr. 31 við Ármúla.  
Erindi fylgir endurnotkunaráætlun og magntaka á helstu byggingar- og niðurrifsefnum frá VSO og Borg, byggingarlausnum dags. í apríl 2024.  
Niðurrif: F2012798, mhl. 01, merkt 0101, skrifstofa 6.762,3 ferm.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
5. **Ármúli 38 - USK24020270** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0201 í mhl. 03 á lóð nr. 38 við Ármúla.  
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Bauganes 29A - USK23110275 Sótt er um leyfi fyrir breytingum á stofnerindi BN037233 með því að breyta innanhúss og færa bílastæði og sorp í húsi nr. 29A við Bauganes.  
Erindi fylgir umsögn Skipulagsfulltrúa dags. 4. janúar 2024 og þinglýstur samningur milli eiganda nr. 27 og 29 um afnot innkeyrslu.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
7. Bergstaðastræti 2 - USK24010189 Sótt er um leyfi til þess að opna veitingastað í flokki II, tegund f, krá, fyrir hámarks gestafjölda 55 manns og tvo starfsmenn, lækka kjallaragólf um 50cm og setja stiga upp á 2. hæð við norðurgafli húss á lóð nr. 2 við Bergstaðastræti.  
Um er að ræða endurnýjun á samþykkt BN056903, dags. 7. janúar 2020.  
Lagður er fram úrskurður ÚÚA vegna kæru nr. 52 og 87/2021.  
Erindi fylgir hljóðvistarskýrsla frá Brekke Strand dags. 6. mars 2024, umsögn Minjastofnunar í tölvupósti dags. 17. október 2019 og afrit af aðaluppdráttum samþykktum 7. janúar 2020.  
Stækkun: 36.1 rúmm.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Lagfæra skráningu.
8. Bergþórugata 1 - USK24020227 Sótt er um leyfi til þess að gera svalir á austurgafli rishæðar og norðurhlíð 2. hæðar í íbúðarhúsi á lóð nr. 1 við Bergþórugötu. Erindi fylgir umögn Minjastofnunar dags. 7. febrúar 2024. Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
9. Bólstaðarhlíð 38 - USK24030143 Sótt er um leyfi að koma fyrir færanlegar kennslustofur á steypa sökklá á lóð nr. 38 við Bólstaðarhlíð  
Stærðir:  
Ferm. xxx,x  
Rúmm. xxx,x  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til umsagnar og/eða grenndarkynningar.
10. Bólstaðarhlíð 47 - USK24020119 Sótt er um leyfi til að stækka stofu K-22B, flytja inngang, bæta flóttaleiðir og aðgengismál, setja leikport/verönd og útgeymslu á suðurhlíð, auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum, sem eru þær að stofa K114F var hækkuð og innra skipulagi breytt í húsum Frístundarheimilisins Halastjarnan í Háteigsskóla, á lóð nr. 47 við Bólstaðarhlíð.  
Erindi fylgir brunahönnun frá Örugg dags. 17. mars 2021.  
Stækkun 8,1 ferm., 21,1 rúmm.  
Gjald kr. 15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
11. Brautarholt 16 - USK24030336 Sótt er um leyfi til að hækka rishæð, fjarlægja austara stigahús, breyta gluggum, byggja svalir, koma fyrir lyftu og innréttu gististað í flokki II, teg. b., 32 gistirými fyrir 70 gesti á efri hæðum, verslunarrými á jarðhæð og sameina mhl. 02 og 03 og innréttu tvær vinnustofur og sorpgeymslu í bakhúsi á lóð nr. 16 við Brautarholt.  
Stækkun: 208,2 ferm., 1.279,5 rúmm.  
Eftir stækkun: 1.469,3 ferm., 5.784,7 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

12. Brautarholt 20B - USK23110168 Sótt er um leyfi til þess að innrétta snyrtistofu í rými 0101 við Brautarholt 20C, mhl.02 á lóð nr. 18 við Brautarholt.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar með uppfærðri erindislýsingu dags. 7. febrúar 2024.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
13. Bíldshöfði 7 - USK24030214 Sótt er um leyfi til að byggja atvinnuhús á einni hæð, mhl. 28 úr vottuðum forsteyptum samlokueiningum fyrir skrifstofur, verslun og lager á lóð nr. 7 við Bíldshöfða.  
Erindi fylgir gátlisti dags.12. mars 2024 og greinagerð hönnunarstjóra dags. 12. mars 2024.  
Stærð: 448,7 ferm.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
14. Einarsnes 60 - á pappír - USK24020235 Sótt er um leyfi fyrir breytingum á erindi BN046526 vegna lokaúttektar á húsi á lóð nr. 60 við Einarsnes.  
Erindi fylgir skýrsla um sambrunahættu frá brunnahönnun sf. dags. 26. október 2023.  
Gjald kr.15.400.. USK24020235  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
15. Fiskislóð 31 - USK24030217 Sótt er um leyfi til að opna á milli rýma 0303 og 0304 með eldvarnarhurð í húsi á lóð nr. 31 við Fiskislóð.  
Erindi fylgir vottorð um starfsábyrgðartryggingu hönnuðar.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
16. Fjólugata 21 - USK24030127 Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, fjarlægja burðarveggi og stækka baðherbergi í íbúð ? í fjölbýlishúsi á lóð nr. 21 við Fjólugötu.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
17. Flókagata 57 - USK24030219 Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23040124 þannig að settur verður nýr Velux þakglugga á vestanverðu þaki, færa til inngangshurð á þriðju hæð og víxla eignarhaldi á tveimur geymslum í húsi nr. 57 við Flókagötu.  
Gjald kr.15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.  
Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.  
Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto:eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is), um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
18. Freyjugata 16 - USK24030158 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061489 og USK23070227 þannig að færslu á innveggjum og eldhússkipulags á öllum hæðum, lokaðuðu stoðvegg á svölum er staðsettur Válastígs megin, og breytingar á gluggum og stigi verður úr timbri í stað hússins í húsi nr. 16 við Freyjugötu. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags.20.sept.2022 sem er inn á stofnerindi og umsögn skipulagsfulltrúa

dags. 27.okt.2021 sem var gerð með umsókn USK23070227  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Furugerði 8 - USK24020268 Sótt er um leyfi að fjölga eignum úr einni í tvær í einbýlishúsi á lóð nr. 8 við Furugerði.  
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. apríl sl., fylgir erindi.  
Gjald kr.15.400.  
Synjað. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. apríl 2024.
20. Grandagarður 7 - USK23090287 Sótt er um leyfi fyrir þegar gerðum breytingum innanhúss á 2. hæð í húsi á lóð nr. 7 við Grandagarð. Erindi fylgir samþykki eiganda dags. 21. september 2023.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
21. Grensásvegur 13 - USK24030218 Sótt er um leyfir til að leiðrétta rýmisnúmer á 3.hæð í samræmi við eignaskiptasamning í húsi nr. 13 við Grensásveg.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Lagfæra skráningu.
22. Grjótháls 1-3 - USK24020074 Sótt er um leyfi til þess að byggja hjóla- og sorpskýli, mhl.03, við lóðarmörk lóðar nr. 5, breyta innra skipulagi í eldri hluta mannvirkis, fjarlægja skrifstofur til þess að koma fyrir eldhúsi og matsal, bæta við gluggum á norður og vesturhlið 1. hæðar, koma fyrir nýrri flóttahurð, og stækka hurð að nýju eldhúsi, jafnframt er skráningartafla leiðrétt fyrir verslunar- og skrifstofuhúsið mhl.01, á lóð nr. 1-3 við Grjótháls.  
Mhl.03 - Stærð: 96.1 ferm., 297.9 rúmm.  
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa lóðar nr. 5 vegna hjólaskýlis dags. 28. nóvember 2023, bréf frá hönnuði dags. 27. febrúar 2024 og yfirlit breytinga á aðaltekningum án stimpils byggingarfulltrúa dags. 8. nóvember 2022.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
23. Grundarstígur 23 - USK23040029 Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir svalalokun á svalir íbúðar 0203 á suðurhlið fjölbýlishúss á lóð nr. 23 við Grundarstíg.  
Erindi fylgir fundargerð húsfélagst dags. 7. desember 2022, samþykki meðeigenda á aðaluppdrætti dagsettu 12. mars 2023, og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 15. desember 2009.  
Gjald kr. 14.000.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
24. Gullslétta 18 - USK24020044 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi með því að loka milliloft og bæta við svölum á 2. hæð í atvinnuhúsi á lóð nr. 18 við Gullsléttu. Erindi fylgir hæðarblað dags. 10. 2006, mælibleið dags. 21. febrúar 2006 og yfirlit breytinga ódagsett. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. mars 2024 fylgir erindi. Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
25. Haukdælabraut 66 - USK24010083 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN045084 vegna lokaúttektar þannig að stoðveggur hefur verið færður nærri lóðarmörkum til austurs, heitur pottur stækkaður, komið fyrir sökklum fyrir sólpall og steiptum tröppum á milli efri og neðri hluta lóðar ásamt því að gerður hefur verið steiptur stoðveggur að hluta meðfram lóðarmörkum að göngustíg í borgarlandi við einbýlishús á lóð nr. 66 við Haukdælabraut.  
Erindi fylgir ódagsett bréf eiganda og yfirlit breytinga á afriti af aðaluppdráttum

samþykktum 18. desember 2012.

Gjald kr. 15,400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

26. Hjallavegur 40 - USK23060098 Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum, breyta eignarhaldi bílskúrs og stækka með viðbyggingu á tveimur hæðum til vesturs og að stakstæðum bílskúr til norðurs við íbúðarhús á lóð nr. 40 við Hjallaveg.  
Stækkun: 139.1 ferm., 399.9 rúmm  
Erindi fylgir mæliblað 1.354.2 dags. 30. janúar 2023 og hæðablað dags. janúar 2023 og yfirlit breytinga á afriti af samþykktum aðaluppdráttum.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda
27. Hraunbær 88 - USK24030048 Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja múrhúð, einangra að utan og klæða með sléttri álklæðningu austurhlíð og suðurgafli fjölbýlishúss við Hraunbæ 88, mhl.14, á lóð nr. 62-100 við Hraunbæ.  
Erindi fylgir afrit af fundargerð frá aðalfundi húsfélags dags. 12. febrúar 2024, skýrsla um ástandsskoðun dags. 29. september 2023 og sérteikningar, D-101 og 102 dags. 4. mars 2024.  
Gjald kr. 15. 400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
28. Hverfisgata 105 - USK24030044 Sótt um leyfi til að innrétta íbúð í rými 0204 í húsi á lóð nr. 105 við Hverfisgötu.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
29. Háaleitisbraut 58-60 - USK24020272 Sótt er um leyfi að skipta eign(rými 0113 og 0209) í tvær eignir hvort með sér inngang á lóð nr. 58-60 á Háaleitisbraut.  
Erindi fylgir yfirlit breytingar dags.19.7.2011 25.águst 2015 og 27.nóv 2022  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
30. Kirkjuteigur 21 - USK24030254 Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu til norðurs, kjallara og tvær hæðir ásamt aukahæð yfir hluta, gera þaksvalir og innrétta fjórar íbúðir og tvær innbyggðar bílgeymslur í húsi á lóð nr. 21 við Kirkjuteig.  
Stækkun: 347,5 ferm., 1.167,5 rúmm.  
Eftir stækkun: 850,6 ferm., 2.745,2 rúmm.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
31. Kjarlavigur 12 - USK24010280 Sótt er um leyfi til að breyta mötuneyti í rými 0201, í veitingastað í flokki II tegund (g) fyrir 80 gesti í skrifstofu- og þjónustuhúsi, mhl.01, á lóð nr. 12 við Kjarlavig.  
Erindi fylgir brunaskýrsla dags.18.mars.2017  
Gjald kr. 15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
32. Klapparstígur 5 - USK24030089 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum í húsi á lóð nr. 5 við Klapparstíg.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags.12. mars 1992 og gátlisti vegna aðaluppdrátta,  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Kolagata 3 - USK24030238 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN056086 þannig að flóttahurð færist um eitt gluggabil að Geirsgötu, í rými 0103 í Kolagötu 3 á lóð nr. 2 við Austurbakka.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
34. Kringlan 8-12 - USK24020241 Sótt er um leyfi til að til að stækka millipall í verslunareiningu 0148 í mhl. 01 í Kringlunni á lóð nr 4-12 við Kringluna.  
Stækkun: 14.8 ferm.  
Gjald kr. 15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
35. Langagerði 7 - USK24020215 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að breytingu innanhúss og nýrra rýma auk útlitsbreytinga. Erindinu fylgir yfirlit breytinga, gátlisti hönnuðar, umboð og starfabyrgartrygging hönnuðar. Erindi fylgir neikvæð umsögn skipulagsfulltrúa dags. 04. apríl 2024.  
Gjald kr.15.400.  
Synjað. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. apríl 2024.
36. Laugarásvegur 77 - Niðurrif - USK24030239 Sótt er um leyfi til að rífa leikskóla, mhl. 01 á lóð nr. 77 við Laugarásveg.  
Erindi fylgir áætlun um meðhöndlun á byggingar- og niðurrifsúrgangi dags. 18. mars 2024, ástandsmat frá VSÓ ráðgjöf dags. 11. mars 2024 og húsakönnun frá Borgarsögusafni dags. 6. júní 2023.  
Niðurrif, mhl. 01, merkt 0101, leikskóli 240,1 ferm.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
37. Laugavegur 168 - USK24030277 Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23060063 með því að fækka íbúðum á 8. hæð um eina og tilsvareandi fækkun á geymslum í kjallara í húshluta á horni Nóatúns þannig að 82 búðir verða í húsi á lóð nr. 168 við Laugaveg.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Stækkun: 7,2 ferm., 26,6 rúmm.  
Eftir stækkun: 12.253 ferm., 39.061,2 rúmm.  
Gjald kr. 15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
38. Laugavegur 27B - USK24030201 Sótt er um leyfi til að opna á milli rýma/fasteigna og gera innanhússbreytingar sem snúa að rýmum 0214, 0215, 0216, 0217, 0319, 0218, 0221, 0222, 0223 í húsi nr. 27B við Laugaveg.  
Gjald kr.15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
39. Lautarvegur 12 - á pappír - BN059395 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058526 þannig að kjallari hefur verið stækkaður til suðurs, gerður nýr inngangur og gluggi á kjallara, gólfkóti 3. hæðar hækkaður um 55 cm, gluggafrontur á 3. hæð færður fram um 250 cm, svalalokun sett á 1. og 2. hæð, komið fyrir þremur heitum pottum, stoðveggur gerður á lóðamörkum í vestur og frágangi lóðar breytt norðan við fjölbýlishús á lóð nr. 12 við Lautarveg.  
Stækkun, A-rými: x ferm., x rúmm.

Stækkun, B-rými: xx ferm., xx rúmm.

Eftir stækkun, A-rými: 640,3 ferm., 2.059,1 rúmm.

B-rými: xx ferm., xx rúmm.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. júlí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. júlí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2021.

Gjald kr. 12.100.

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Lindargata 37 - USK24020051 Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja hurð og glugga á milli sólstofu 1106 og borðstofu íbúðar 1101 í fjölbýlishúsinu Lindargötu 37, mhl.13, á lóð nr. 14-16 við Skúlagötu.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
41. Láland 13 - USK24010357 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, stækka anddyri til vesturs, byggja yfir garð á norðurhlið og verönd á suðurhlið og einangra og klæða að utan einbýlishús nr. 13 á lóð nr. 9-15 við Láland.  
Stækkun: 43,1 ferm., 155,4 rúmm.  
Eftir stækkun: 253,6 ferm., 758,6 rúmm.  
Gjald kr. 15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
42. Melhagi 11 - USK23100138 Sótt er um leyfi til að breyta bílageymslu mhl. 02 í vinnustofu við hús á lóð nr. 11 við Melhaga. Erindi fylgir mæliblað.  
Erindi var grenndarkynnt frá 22. febrúar 2024 til og með 21. mars 2024.  
Engar athugasemdir bárust.  
Gjald kr.14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
43. Miðtún 22 - USK24020257 Sótt er um leyfi til þess að opna á milli stofu og eldhúss með því að gera gat í burðarvegg íbúðar 0001 í íbúðarhúsi á lóð nr. 22 við Miðtún.  
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 26. febrúar 2024 og skriflega samþykki meðeigenda á teikningu Arktíka dags. 21. febrúar 2024.  
Gjald kr. 15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
44. Naustavogur 15 - USK23100331 Sótt er um leyfi til að byggja atvinnuhúsnæði samsett af fjórum 12m og einum 6m gám á staðsteyptri botnplötu á lóð nr. 15 við Naustavog.  
Stærð: 232,0 ferm., 932 rúmm.  
Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. desember 2023.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
45. Nökkvavogur 42 - USK23100365 Sótt er um leyfi til þess að breyta glugga í hurð og gera verönd með því að grafa frá að hluta suðausturhlið íbúðarhúss á lóð nr. 42 við Nökkvavog.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda á afriti af aðalteikningu dags. 31. október 2020.  
Gjald kr. 14.200.  
Frestað. Lagfæra skráningu

46. Rafstöðvarvegur 33-33A - BN061875 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri einnar hæðar viðbyggingu, sólskála, úr timbri við suðausturhlið íbúðar 0101, hús nr. 33, í tvíbýlishúsi á lóð nr. 33 - 33A við Rafstöðvarveg.  
Stækkun: 24.0 ferm., 60.0 rúmm.  
Erindi fylgir óþinglýst samþykki eiganda íbúar 0102 dags. 13. mars 2024 og A3 afrit af aðaltekningum samþykktum 22. ágúst. 2022.  
Gjald kr. 13.200.  
Frestað. Vísað til athugasemda og umsagnar skipulagsfulltrúa.
47. Seiðakvísl 39 - USK23030199 Sótt er um leyfi fyrir stækkun, þ.e. byggja glerskála með léttu þaki við hús og viðbyggingu áfasta bílgeymslu húss á lóð nr. 39 við Seiðakvísl.  
Stækkun: 46,7 ferm., 181,3 rúmm. Erindi fylgir mæliblað, hæðarblað, greinargerð brunahönnuðar og umsögn skipulagsfulltrúa dag. 03.ágúst 2023.  
Gjald kr.14.000.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
48. Skarfagarðar 8 - USK23120166 Sótt er um leyfi til þess að byggja fjölnota móttöku- og þjónustumiðstöð fyrir skemmtiferðaskip, sem utan ferðatímabils verður mögulega nýtt til viðburðahalds skv. ákvæðum um veitingahús í flokki II á viðskipta- og þjónustulóð nr. 8 við Skarfagarða.  
Stærð: 6.113.4 ferm., 33.442.6 rúmm.  
Nýtingarhlutfall: 0.32  
Erindi fylgir greinargerð frá Trivial ráðgjöf um hljóðvist dags. í nóvember 2023 og greinargerð Brunahönnunar sfl. um brunahönnun dags. 11. desember 2023.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
49. Skarfagarðar 8 - Stöðuleyfi - USK24030033 Sótt er um stöðuleyfi fyrir tjöld sem þjóna eiga sem farþegamóttökutjöld, töskutjöld fyrir farþega með skemmtiferðaskipum ásamt gáma vegna framkvæmda við nýja farþegamiðstöð á lóð nr. 8 við Skarfagarða.  
Gjald kr 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
50. Skipholt 1 - USK24030215 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059412 ásamt síðari breytingum USK23110153 og USK23030255 vegna breytinga sem hafa orðið á verkstað sem snýr að vatnsúðakerfi, lagnastokk og öruggs svæðis í húsi nr. 1 við Skipholt.  
Gjald kr. 15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
51. Skipholt 25 - USK24020047 Sótt er um leyfi að breyta innra skipulagi í atvinnuhúsnæði í rými 0102 á 1. hæð á lóð nr. 25 við Skipholt.  
Gjald kr.15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
52. Skógarhlíð 10 - USK23060256 Sótt er um leyfi til að gera breytingar á gististað sem er í fl. IV með því að sækka anddyri, gera innanhússbreytingar auk þess að sækja um rúttustæði á lóð við hús nr. 10 við Skógarhlíð.  
Gjald kr.14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
53. Snorrabraut 54 - USK24030337 Sótt er um leyfi til þess að endurnýja og færa til upprunalegs útlits og breyta notkun í gistiheimili í flokki 2, teg b með alls 23



- hótelíbúðum fyrir alls 92 gesti og 8 starfsmenn í húsi Mjólkursamsölunnar, mhl.01 á lóð nr. 54 við Snorrabraut.  
Erindi fylgir hjóðvistaraskýrsla Myrru ehf. dags. 25. mars 2024.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda og málinu vísað umsagnar skipulagsfulltrúa.
54. Snorrabraut 79 - USK23060110 Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innra skipulagi og innréttu gistiheimili fyrir alls 18 gesti ásamt starfsmannaáðstöðu í húsi á lóð nr. 79 við Snorrabraut.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 14. október 1943.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
55. Starengi 2 - á pappír - USK24020192 Sótt er um leyfi að breyta erindi BN060638 þ.a.l. er sótt um leyfi að bæta við einni hæð á atvinnuhúsnæði á lóð nr. 2 við Starengi Stærðir:  
Fyrir: ferm.216 rúmm.858  
Eftir: ferm.440,7 rúmm.1584,3  
Erindi fylgir skipulagsuppdráttur. dags. 28. september 2021, yfirlit breytinga dags. 15. desember 2009, gátlisti aðaluppdráttu. og greinargerð brunahönnuðar dags. 29. janúar 2024  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.
56. Stefnisvogur 28 - USK24030141 Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23050061 þannig að sérnotafletir á þaki bílageymslu nefnast þaksvalir og breytingar eru gerðar á sameign sumra í fjölbýlishúsi á lóð nr. 2 við Stefnisvog.  
Gjald kr. 15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
57. Suðurgata 7 - USK24020105 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK23090095 þannig að sett er opnanlegt fag í glugga á vesturhlíð og í stað snyrtistofu verði notkun breytt og innréttuð í íbúð í rými 0102 og íbúðarhúsi, mhl.02, á lóð nr. 7 við Suðurgötu.  
Erindi fylgir útreikningur á birtuskilyðrum á ódagsettri teikningu Valhönnunar, samþykki húsfélags undirritað af eigendum allra eigenda, dags. 25. janúar 2024, yfirlit breytinga, heildarsett aðalteikninga samþykktum 11. apríl 2000 og afrit af aðaluppdráttum samþykktum 30. september 1993.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Lagfæra skráningu.
58. Suðurhlíð 38C - USK24020158 Sótt er um leyfi fyrir glerhýsi / svalalokun á svalir í xxxx (ósamræmi á rýmisnr.)  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
59. Síðumúli 15 - USK24030252 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í öllum suðurhluta og hluta norðurhluta, innréttu hársnyrtistofu, auka vinnurými snyrtistofu sem fyrir er og fjórar skrifstofur á 3. hæð atvinnuhúss á lóð nr. 15 við Síðumúla.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga og greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 11. mars 2024.  
Gjald kr. 15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

60. Síðumúli 23 - USK24020117 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055643, með síðari breytingu BN060214, vegna lokaúttektar þannig að fundarherbergi hefur verið breytt í tvær skrifstofur í rými 0301, á 3. hæð í verslunar-og skrifstofuhúsi á lóð nr. 23 við Síðumúla.  
Erindi fylgir greinargerð umsækjanda sem svar við athugasemdum Heilbrigðiseftirlits dags. 13. mars 2024 og afrit af samþykktum aðaluppdráttum dags, 30. nóvember 2021 .  
Gjald kr. 15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
61. Síðumúli 32 - USK23100274 Sótt er um leyfi til þess að gera skyggni yfir inngang á norðurhlið, stækka svalir á suðurhlið og sameina notkunareiningar 0201 og 0202 til að stækka húsnæði dagvistunar aldraðra, fyrir alls 70 skjólstæðinga og 14 starfmenn í rými 0201 í skrifstofu- og verslunarhúsi á lóð nr. 32 við Síðumúla.  
Erindi fylgir ódagsett samþykki eiganda fasteignar F2015564 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 23. janúar og 5. júní 2018.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.  
Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto:eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is), um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
62. Tryggvagata 14 - USK24010018 Sótt er um heimild til koma upp fjarskiptalofneti á húsi á lóð nr. 14 við Tryggvagötu.  
Erindi fylgir umboð eiganda dags. 22.6.2023.  
Gjald kr. 15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
63. Tunguvegur 24 - USK24030311 Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23020007 þannig að byggingarefni viðbyggingar verður forsteyptar einingar, útidrym í kjallara er snúið og sjónvarpsstofu, snyrtingu og baði á 1. hæð er breytt í einbýlishúsi á lóð nr. 28 við Tunguveg.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Lagfæra skráningu.
64. Undraland - USK24020052 Sótt er um leyfi til þess að byggja tveggja hæða íbúarhúsnæði fyrir óhefðbundið búsetuform, með 16 íbúðarrýmum fyrir allt að því 25 manns á efri hæð og sameignilegum rýmum og viðtalsherbergjum á neðri hæð íbúðarhúss á lóð nr.1 við Undraland.  
Stærð: 956.3 ferm., 3.006.5 rúmm.  
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 18. mars 2024, óþinglýst mæliblað 1.880.0 dags 10. janúar 2024 og hæðarmæling lóðar dags. 9. nóvember 2020.  
Gjald kr. 15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

65. Úlfarsbraut 20 - USK24030069 Sótt er um leyfi að breyta erindi BN036214 þannig að tekin eru í notkun fylgirými á 1. og 3. hæð í parhúsi nr. 20, mhl. 02 á lóð nr. 18-20 við Úlfarsbraut.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga og lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. mars 2023.  
Stækkun: 46,6 ferm., 27,7 rúmm.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
66. Vatnsveituv. Fákur - USK24030142 Sótt er um leyfi til að skipta húsinu sem er mhl. 47 í þrjú fastanúmer, eign 0101, F2229306 0101 verður áfram óbreytt en F2053277 verður skipt í tvær eignir, 0102 og 0103 auk þess er útlit uppfært samkvæmt byggðu húsi á Vatnsveituv. Fákur.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
67. Þverholt 13 - USK24030300 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060062 þar sem svalir 6. hæðar eru færðar framá þakbrún og gerð er grein fyrir breyttri þykkt á innveggjum í fjölbýlishúsi á lóð nr. 13 við Þverholt.  
Stærð eftir breytingar: 4.519,1 ferm., 12.920 rúmm.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.

#### Ýmis mál.

68. Almannadalur -Fjárborg - Surtlugata 1 -24 og Ásagata 1- 24 - 5.864.3 - 5.865.8 - USK23050116 Leiðréttá skráða stærð lóðarinnar Surtlugötu 18 á mælibleðinu 5.864.5. USK23050116  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

**Fundi slitið kl. 12:00**

Brynjar Þór Jónasson

Edda Þórsdóttir  
Sigrún Reynisdóttir  
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Margrét Pálína Cassaro  
Sigurður Stefán Karlsson